

10. ágúst 2020

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um heimakennslu á grunnskólastigi.

Vísað er til tilkynningar í Samráðsgátt dags. 29. júní þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að reglugerð um heimakennslu á grunnskólastigi.

Ég vil þakka Menntamálaráðuneytinu fyrir það að endurskoða reglugerðina um heimakennslu. Að mínu mati var það löngu orðið tímabært. Það er sorglegt að vita til þess að íslenskar fjölskyldur hafi þurft að flytja til annarra Evrópuríkja til þess að mega kenna börnum sínum heima. Með því að liðka fyrir heimakennslu og e.t.v. öðrum fræðsluleiðum stuðla yfirvöld að fjölbreyttara samfélagi og fleiri valkostum í menntamálum.

Þeir sem sjá ljós í heimakennslu eru stundum sakaðir um það að vera beinlínis á móti hefðbundnum skólum. Því fer fjarri lagi. Úr einni umsögn við reglugerðina mátti lesa að viðkomandi teldi að hugmyndafræði heimakennslu snúi að vantrausti á yfirvöldum og því að losna undan samfélagslegum skyldum. Þetta er mjög stór staðhæfing og ég vona að í framtíðinni geti upplýstari umræða farið fram um heimakennslu. Í núverandi lagaumhverfi fylgir því mikill fórnarkostnaður að fara út í heimakennslu. Í sumum tilfellum hafa foreldrar þurft að sækja sér kennsluréttindi og síðan orðið af tekjum vegna tímaskuldbindingarinnar sem heimakennsla krefst. Það að sækja um heimild til heimakennslu er því ekki auðveld né léttvæg ákvörðun.

Staðreyndin er sú að börn og fjölskyldur eru mjög mismunandi. Sum börn læra mjög hratt, önnur hægar, sum blómstra í hefðbundnum skóla, öðrum líður illa í skóla. Sum börn eru tilbúin að sitja í fjölmönnum bekk við 6. ára aldur, önnur gætu þurft aðeins lengri tíma í umsjón foreldra. Sum börn hafa myndað neikvæðar tilfinningar í garð skóla vegna eineltis eða áfalla og gætu grætt á því að stunda nám í öðru umhverfi. Sumar fjölskyldur óska þess að verja meiri tíma saman. Sumir foreldrar vilja sinna uppeldishlutverki sínu í ríkara mæli. Sumar fjölskyldur búa á afskekktum stöðum. Aðrar ferðast mikið. Ég gæti talið upp mikið fleiri dæmi. Meginatriðið er að börn og fjölskyldur passa ekki öll í sama mót og því hlýtur það að vera samfélaginu í hag að börnum og fjölskyldum líði sem best og séu boðnir valkostir við sitt hæfi.

Við hjónin vorum svo lánsöm að fá heimild til heimakennslu í byrjun aldarinnar. Við nutum þeirra forréttinda að kenna börnum okkar heima í mörg ár. Það reyndist fjölskyldu okkar ómetanlegt, bæði hvað varðar tengslamyndun innan fjölskyldunnar, frelsi til þess að nýta tíma okkar sem best, tækifærið til þess að nýta þær námsaðferðir sem hentuðu börnum okkar. Við gátum uppfyllt kröfur námsskrár og bætt fleiri fögum við sem börnin voru áhugasöm um og fullnýtt okkur einstaklingsmiðað nám og sveigjanleika og fjölbreytni í skólasterfi.

Eliás Theodórsson